

# Biðfasi

## Lag phase

Bergþór Björnsson, deildarlæknir, sendi tölvupóst og það um þýðingu á hinu samsetta heiti **lag phase**. Við fyrstu skoðun virtist það ekki að finna í Íðorðasafni lækna, en við nánari leit kom í ljós að heitið er notað í sýklafræði: *Tímabilið fyrst eftir sáningu gerla á æti*. Tilgreint íslenskt heiti er **hægvöxtur**, sem ætti þá reyndar að vera **hægvaxtarskeið** eða **hægvaxtarfasi** vegna tilvísunar í ákveðið tímabil eða stig ferils. Við netleit má finna nánari lýsingu á þessu fyrirbæri: *Tímabil minnkaðrar lífeðlisfræðilegrar virkni og fækkunar frumuskiptinga eftir sáningu baktería í nýtt æti*.

## Phase

Enska nafnorðið **phase** kemur fyrir í ýmsum læknisfræðilegum heitum og samsetningum. Það er upprunalega komið úr grísku, **phasis**, og merkti útlit eða birting (það sem auganu birtist). Læknisfræðiorðabók Dorlands gefur fjórar merkingar: *1. sú sýn á einhvern hlut sem auganu birtist. 2. sérhver af mörgum ásýndum eða stigum sjúkdóms eða ferils. 3. sérhver eðlis- eða efnafræðilega aðgreinanlegur hluti kerfis. 4. sá hluti rafbylgjuferils sem er milli tveggja skurðpunkta við grunnlínu í rafritun og greiningu*. Í Íslenskri orðabók Arnar og Örlygs má finna margar þýðingar, svo sem: *stig, þrep, áfangi, tímabil, svið, grein, hlið, hluti, hamur og loks fasi*.

## Fasi

Þegar skoðuð eru þau samsettu heiti í Íðorðasafni lækna þar sem **phase** kemur fyrir, má sjá að orðið **fasi** hefur fengið fulla viðurkenningu sem góð og gild þýðing á enska orðinu **phase**. Nefna má tímabil frumhringsins sem dæmi: **forfasi** (prophase), **formiðfasi** (prometaphase), **miðfasi** (metaphase), **siðfasi** (anaphase), **lokafasi** (telophase) og **millifasi** (interphase). Í sumum eldri heitum koma þó fyrir þýðingarnar **skeið** eða **stig**. Til staðfestingar á viðurkenningu íslenska tökuorðsins **fasi** má fletta upp í Íslenskri orðabók Eddu, en þar eru tilgreindar merkingarnar: *1. þrep eða skref þróunar eða ferils. 2. form, sú mynd sem e-ð tiltekið birtist í*.

Í þessu samhengi má nefna að samræma ætti nú heitin á tímaskiðunum í mánaðarlegum ferli legbolsslímhúðar þannig að þau verði **vaxtarfasi** (proliferative phase), en ekki **álunarskeið**, og **seytifasi** (secretory phase), en ekki **seytingarskeið**.

## Lag

Enska nafnorðið **lag** má finna í Íslenskri orðabók Arnar og Örlygs: *1. droll, hangs, slór. 2. seinkun, töf. 3. það sem upp á vantar, bil. 4. tugthúslimur*. Uppfletting í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar leiðir í ljós að orðið er meðal annars tilgreint í læknisfræði, **hægvöxtur**, **tregðuskeið**; eðlisfræði, **tíma-**  
**munur**; hagfræði, **töf**, **tímatöf**; og raftækni, **tregða**.

## Biðfasi

Upphafleg fyrirspurn Bergþórs snerist ekki um notkun heitisins **lag phase** í sýklafræði heldur í meltingarfræðum. Tímabilið, sem hefst við inntöku fæðu í maga og lýkur þegar samfelld magatæming er komin á, er nefnt: **gastric emptying lag phase**. Að lokinni framangreindri könnun á einstökum orðum og heitum er lagt til að notað verði íslenska heitið **biðfasi** í þessu samhengi, nánar tiltekið **biðfasi magatæmingar**. Í hugann höfðu einnig komið heitin **tafarfasi** og **tregðufasi**, en þeim var svo hafnað.

## Einangur

Þorkell Jóhannesson, professor emeritus, sendi tölvupóst í tilefni af fyrirspurn og umfjöllun í 187. pistli (Læknablaðið 2006; 92: 413) um heitið **human isolate**, sem undirritaður lagði að lokum til að yrði nefnt **einangur frá mönnum** eða **einangur úr mönnum**.

Í tölvupóstinu segir Þorkell meðal annars: *Ég er eins og þú, að ég veigra mér við að færa orðið „angur“ í nýjan sess í orðinu „einangur“*. Merkingin kvöl, þrengsli, sársauki eða annað neikvætt í orðinu **angur** er svo ríkt í minni málvitund og gamalt í málinu (önnur merking er t.d. ekki í *Lexicon poeticum*), að mér finnst „einangur“ meira en hálfvegis niðrandi.

Þorkell lét ekki þar við sitja og kom með rökstudda tillögu að nýyrði: *Orðið „isolate“ í ensku er komið úr „insulare“ í latínu, sem beinlínis merkir að skera af eða afmarka sem eyju, en í yfirfærðri merkingu að afskera eða afmarka með öðrum hætti og þar undir jafnvel að afmarka í anga eða ræmur*. *Ein af merkingum orðsins „angi“ er einmitt ögn eða snefill, þ.e.a.s. lítið magn eða fjöldi og gæti þannig jafngilt „smule“ á dönsku og „trace“ á ensku*. Í staðinn fyrir „einangur úr eða frá mönnum“ gæti ég látið mér koma í hug „einangi úr mönnum“, sem væri þá lítið sýni „angað (= ísólarað) eitt sér“ úr stærri heild, þ.e.a.s. *mannslíkamanum*. Sögnin að „einanga“ fer mér ekki verr í munni en fjöldinn allur af öðrum sögnum með forskeytinu „ein-“.

Gaman væri að fá fréttir af viðbrögðum annarra lækna við þessa eða hinni upphaflegu tillögu: **einangur frá mönnum** eða **einangur úr mönnum**.

## Biðlund

Óvenju margar fyrirspurnir hafa borist undanfarið. Þeim einföldustu hefur verið svarað í síma eða með tölvupósti, en sumar aðrar eru þess eðlis að talsverðrar rannsóknarvinnu er þörf. Fyrirspyrjendur eru því bednir um að sýna **biðlund** (*þolgæði, þolinmæði, eirð*) eftir umfjöllun. Fyrirspurnirnar eru ekki gleymdar heldur komnar í **biðfasa**.



Jóhann Heiðar  
Jóhannsson

[johannhj@landspitali.is](mailto:johannhj@landspitali.is)

Jóhann Heiðar er læknir  
á Landspítala Hringbraut.